

SARPUR

Menningarsögulegt
gagnasafn

Lokaskýrsla vinnuhópa

Afrakstur verkefnis fyrir þarfagreiningu arftaka Sarps 3

Skýrslan var unnin af Rekstrarfélagi Sarps

HAUST 2020/ VOR 2021

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Framtíðarsýn	2
3.	Innra- og ytra starf	3
4.	Innra starf.....	3
	4.1 Skráning:.....	3
	4.2 Söfnun, varðveisla og forvarsla	5
	4.3 Umsýsla	8
	4.4 Sveigjanleiki og aðgengileiki gagna	11
5.	Ytra starf.....	13
	5.1 Rannsóknir, sýningargerð og kennsla	14
	5.2 Útlit og notendavænleiki: Miðlun til almennings og umsýsla.....	16
	5.3 Samstarf safna og annarra hagsmunaaðila.....	18
6.	Niðurstöður	18

1. Inngangur

Megintilgangur Rekstrarfélags Sarps (RS) er að annast rekstur Sarps, sem er skráningar- og upplýsingakerfi fyrir menningarsöguleg gögn og að annast rekstur vefsins sarpur.is, fara með hugverkaréttindi að hugbúnaði í því sambandi og skyld starfsemi. Hluti ábyrgðarsviðs Rekstrarfélags Sarps er að viðhalda og þróa Sarp. Ljóst er að ekki er hægt að byggja á núverandi útgáfu kerfisins til framtíðar og því tímabært að huga að arftaka Sarps 3. Því var árið 2019 ákveðið að hefja vinnu við könnun og þekkingaröflun á nýju skráningar- og umsýslukerfi. Haustið 2020 hófst verkefni til eins árs að útbúa þarfagreiningu vegna arftaka Sarps 3. Höfundar skýrslunnar um innra starf eru fulltrúar kjarnahópanna um innra- og ytra starf ásamt Cecilie Gaihede, verkefnastjóra verkefnisins. Tekið hefur verið tillit til athugasemda sem bárust frá verkefnahópi verkefnisins og stjórn Rekstrarfélags Sarps.

2. Framtíðarsýn

Fyrsta skrefið í gerð þessarar skýrslu var samtal Rekstrarfélags Sarps við forstöðumenn aðildarsafna Sarps þar sem horft var til framtíðar varðandi skráningar- og umsýslukerfi. Tilgangurinn var að kanna sjónarmið aðildarsafna og búa til hagnýta og hnitmiðaða framtíðarsýn fyrir arftaka Sarps 3 og var hún hugsuð sem leiðarljós fyrir þarfagreiningu verkefnisins. Alls voru haldnir fjórir fundir og tóku samtals 33 forstöðumenn frá tæplega 60 aðildarsöfnum Sarps þátt í fundunum.

Framtíðarsýn safna um skráningu og umsýslu gagna í Sarpi

Unnið dagana 16/9-22/9-2020

Þegar horft er til framtíðar er ljóst að aukin raf-, stafvæðing¹ og sjónræn miðlun menningararfs mun hafa sífellt meira vægi. Rekstrarfélag Sarps mun leitast við að veita söfnum á Íslandi aðgang að vinnutæki og varðveislukerfi sem getur veitt yfirsýn yfir menningararf þjóðarinnar, auk þess að vera gátt til almennings sem gerir kleift að eiga samtal og ýta undir gagnvirk samskipti safna og leikmanna.

Í skráningarstarfinu skal hvetja til faglegs starfs, nákvæmni og agaðra vinnubragða með gæði skráningar að leiðarljósi. Tryggja þarf áreiðanleika kerfis og öryggi gagna. Nota skal viðurkennda og alþjóðlega staðla við skráningu og hafa skráningarkerfi sem hvetur til víðtæks samstarfs milli safna sem og utanaðkomandi aðila þegar kemur að miðlun safneignar og öðrum fræðslustörfum (rannsóknir, menntastofnanir o.fl.). Sarpur á að vera sveigjanlegt kerfi sem væri hægt að nýta og sníða að öllum grunnstoðum safnastarfsins (söfnun, varðveislu, skráningum, rannsóknum, miðlun).

¹ Rafvæðing (e. electronic eða born digital), stafvæðing (e. digitalization)

3. Innra- og ytra starf

Stjórn- og fulltrúaráð Rekstrarfélags Sarps ákvað að þarfir fyrir nýtt skráningarkerfi yrðu skoðaðar út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar út frá skráningarkerfinu sjálfu (innra starf) og hins vegar miðlunargáttinni sarpur.is (ytra starf). Skipaðir voru tveir kjarnahópar með helstu sérfræðingum frá aðildarsöfnum Sarps. Fundað var reglulega í hópunum haustið 2020 auk þess sem fjöldi rýnihópsfunda var haldinn til að fá afmörkuð sérfræðiálit á tilteknum sviðum inn í umræðuna. Markmið vinnuhópsins um innra starf var að kanna umfang, þarfir og mikilvæg atriði í nýju skráningarkerfi. Markmið vinnuhópsins um ytra starf var að einblína á vefinn sarpur.is, draga fram draumsýn og mögulegar miðlunarleiðir til að hagræða nýtingu vefsins. Eftirfarandi eru niðurstöður vinnuhópanna flokkaðar eftir umfjöllunarefni: skráning; söfnun, varðveisla og forvarsla; umsýsla; sveigjanleiki og aðgengileiki gagna; sarpur.is- rannsóknir, sýningargerð og kennsla; miðlun til almennings; útlit og notendavænleiki ásamt samstarf safna og annarra hagsmunaaðila. Samhljómur er í niðurstöðum hópanna varðandi áframhaldandi áherslu Rekstrarfélags Sarps á að sinna kennslu og finna nýjar leiðir til að til að miðla virkni og möguleikum kerfisins. Auk þess er lögð áhersla á að bæta útlit, notendavænleika og efla leitarvél í nýju kerfi.

4. Innra starf

4.1 Skráning:

Skráning er ein af grunnstöðum safnastarfs og þegar skoðuð var skráning í nýju kerfi voru eftirfarandi atriði talin vera mikilvægust:

Samræming: Mikilvægt er að vinnubrögð í skráningu séu samræmd milli safna og er Sarpur í þessu samhengi mjög mikilvægt verkfæri. Til að tryggja slíka samræmingu er nauðsynlegt að ákveða skyldureiti og tryggja gott flæði í skráningarferlinu; hvaða grunnupplýsingar er byrjað að skrá og hverjar þurfa að vera ofarlega á skráningarforsíðunni.

Skilvirkni í skráningarferlinu: Kallað er eftir því að hægt sé að nota flýtleiðir lyklaborðsins, draga myndir og skjöl inn í kerfið í stað þess að hlaða þeim inn og auðveldara verði að fletta á milli opinna sniða í kerfinu. Einnig að hægt sé að tengja fjölda mynda við hvert safnnúmer og stjórna forgangs röðun mynda.

Efnisorðalistinn er einn af helstu styrkleikum Sarps og er lykilforsenda góðrar samræmingar í skráningu og leitarbærni á innri og ytri vef Sarps. Við gerð nýs kerfis er ástæða til að yfirfara efnisorðalistann, samræma heiti og bæta opinberum listum inn í hann, m.a. yfir skip, flugvélar og myndavélar svo dæmi séu nefnd.

Nafnaskráin gegnir einnig mikilvægu hlutverki við að halda utan um upplýsingar um notendur og gefendur en nauðsynlegt er að reglur um birtingu slíkra upplýsinga á ytri vef Sarps séu skýrar og í samræmi við Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Staðaskráin gegnir einnig veigamiklu hlutverki. Staðsetningar þurfa að vera mjög nákvæmar og framsetning sjónræn, mögulega með kortavefsjá. Staðsetning skiptir sérstaklega miklu máli við skráningu fornleifa og jarðfundinna gripa m.a. í tengslum við rannsóknir.

Leitarvélin er grunnforsenda í Sarpi til að hafa yfirsýn yfir og veita aðgang að safnkosti safna. Leitarvélin er of takmörkuð í dag og því fékk umræða um bætta leitarvél mest vægi í þarfagreiningu vinnuhópanna. Mikil vöntun er á öflugri leitarvél sem er einföld í notkun bæði til einfaldrar og ítarlegrar leitar. Dæmi eru um að söfn nýti önnur kerfi samhliða Sarpi eða sarpur.is til þess að leita að aðföngum og upplýsingum um þau, sem er ótækt. Í Sarpi 4 er mikilvægt að aðlagða vinnuaðferðir að viðteknum venjum í stafrænni vinnslu. Samsett leit: mikilvægt er að geta leitað að fleiri atriðum á sama tíma í einni leit.

Skráningarstaðallinn Spectrum: Niðurstaða kjarnahóps um innra starf og Skráningarráðs Sarps er að gagnlegt væri að taka upp Spectrum staðallinn hér á landi þó að ekki myndu öll söfn nýta hann til fulls. Staðallinn á að auka skilvirkni, bæta stjórnun og samræma skráningu. Spectrum vottuð skráningarkerfi þurfa að uppfylla 500 atriði. Handbók Spectrum er aðgengileg á heimasíðu Collections Trust og hægt væri að rita stuttan aðlagðan leiðarvísi fyrir íslensk söfn sem styddist við Spectrum staðallinn.²

Lykilatriði í skráningarferlinu: safnmenn byggja á góðum grunni með núverandi kerfi. Ekki er talin þörf á því að umbylta kerfinu heldur nýta styrkleika þess, bæta úr vanköntum og færa það nær nútímanum.

Þarfir og vægi:

Atriði nr.	Þarfir	Vægi
1	Leitin	5
2	Vinna með upplýsingar í Sarpi, hlaða mismunandi skjölum inn og geta flutt upplýsingar út úr kerfinu eftir þörfum	5
3	Stoðtöflur- samræming og öflug leit inni í töflunum. Einfalt og notendavænt viðmót í efnisorðum	5
4	Myndvinnsla í Sarpi	4-5
5	Fletta á milli opinna sniða í kerfinu	4-5
6	Sveigjanlegt og einstaklingsbundið notendaviðmót	4
7	Stafsetningarforrit	4
8	Kortavefsjá og GPS hnit í Staðaskrá	3-4
9	Safnnúmer og aðfangategund birtist á flipum	3-4
10	Sarpur og sarpur.is á fleiri tungumálum	3

² <https://collectionstrust.org.uk/spectrum/>

SVÓT-greining um skráningu

INNRI ÞÆTTIR	
Styrkleikar (horft innávið) (+)	Veikleikar (horft innávið) (-)
1. Verkfæri allra safna, tryggir samræmi, allar upplýsingar aðgengilegar á einum stað. 2. Veitir ákveðið aðhald, tryggir fagmennsku og samræmd vinnubrögð 3. Veitir öryggi - skráningar vistaðar með öruggum hætti og leiðbeinir skrásetjara um hvað er mikilvægt að skrá 4. Að geta unnið með skráningar í sama kerfi, tenging við önnur svið safnastarfsins	1. Umsýslan - gæti verið aðgengilegri 2. Kerfið er of flókið 3. Skortur á gegnsæi 4. Tæknilega úrelt 5. Krefst of margra handtaka 6. Úrelt viðmót 7. Ósamræmi milli aðfangategunda 8. Yfirþyrmandi fyrir byrjendur

YTRI ÞÆTTIR	
Tækifæri (horft út) (+)	Ógnanir (horft út) (-)
1. Nýtt viðmót 2. Leggur upp með áherslu og átak við skráningu 3. Minni aðstoð, meira sjálfstæði við skráningu 4. Nýir möguleikar á samstarfi (ný aðildarsöfn kerfisins) 5. Aukið gegnsæi myndi ýta undir meira samstarf 6. Aukin yfirsýn 7. Sjá landið sem eitt stórt söfnunarsvæði	1. Læra á nýtt kerfi 2. Aðlögunartíminn 3. Tímabreikt að skrá 4. Öf tæknipróun - kerfi verður að geta aðlagast þörfum framtíðarinnar 5. Gögn tapast við gagnaflutning 6. Rekstraröryggi 7. Þátttaka safnanna 8. Kostnaður og fjármögnun

4.2 Söfnun, varðveisla og forvarsla

Í almennri umræðu um tengsl Sarps við söfnun, varðveislu og forvörslu komu fram eftirfarandi atriði sem þarf að leggja áherslu á varðandi notkunarmöguleika Sarps:

1. Leitarvélin
2. Varðveislustaðir
3. Bæta nýtingu forvörslusniðsins

Einnig var rætt um efnisorð, grisjun og yfirsýn, Sarp sem tæki til að deila þekkingu á milli safna, og Sarp sem varðveislukerfi. Samhljómur var á milli rýni- og kjarnahópa sem ræddu þessi mál.

Leitarvélin í tengslum við söfnun og varðveislustaði: Í Sarpi þarf að vera hægt að leita í safnkosti annarra safna t.d. til að meta hvort að taka skuli á móti gripum. Sarpur á að stuðla að gagnsæi og samstarfi á milli safna en ef ekki er hægt að sjá hvaða safnkost önnur söfn eiga þá virkar hann ekki sem skyldi. Sarpur þarf að styðja við faglega söfnunarstefnu safna. Leitarvélin er of flókin til að hægt sé að nýta hana nægilega vel. Mikið var talað um að safnafólk leitaði frekar á ytri vef Sarps til að leita að gripum því viðmótið þar væri einfaldara. Æskilegt er að Sarpur geti boðið upp á leitarvél sem virkar líkt og Google, og gæfi möguleika á að sjá tengd efnisorð ekki bara nákvæmlega það sem slegið er inn. Koma þarf inn tengingum á milli efnisorða.

Varðveislustaðir: Of flókið og tímabreikt þykir að þurfa að biðja starfsmenn RS um að búa til staði í kerfinu, því nota mörg söfn önnur verkfæri en Sarp til að halda utan um varðveislustaði. Í nýjum Sarpi þarf þetta að vera einfaldara í notkun. Það þarf að vera hægt að breyta mörgum færslum í

einu og starfsmaður safns þarf að geta gert þetta sjálfur og hafa góða yfirsýn yfir varðveislustaði. Eftirfarandi atriði væru æskileg:

- Einfalda þarf viðmót, tryggja þannig betri yfirsýn og auka gagnsæi.
- Auka leitarbærni varðveislustaða. Æskilegt væri að geta leitað eftir ákveðnum varðveislustað og undirheitum hans og fá þannig yfirsýn yfir gripi sem varðveittir eru þar.
- Kallað er eftir færri smellum til að klára færslur eða aðra vinnu í Sarpi.
- Kallað er eftir heildaryfirliti yfir varðveislustaði safns svo ekki þurfi að nota leit til að fletta upp varðveislustöðum.

SVÓT-greining um varðveislu

INNRI ÞÆTTIR	
Styrkleikar (horft innávið) (+)	Veikleikar (horft innávið) (-)
1. Yfirsýn 2. Öryggi 3. Samræmi og stöðlun 4. Samstarf og þróunarmöguleikar 5. Aukið aðgengi	1. Flókið í framkvæmd 2. Þungt að vinna í 3. Skortir nákvæmni 4. Þarfnast of margra smella 5. Sérhæfing notenda
YTRI ÞÆTTIR	
Tækifæri (horft út) (+)	Ógnanir (horft út) (-)
1. Rafræn skilríki, innskráning á mínar síður (bæði á Sarpi sarpur.is og lb.is) 2. Sjálfsvæðing (notendur geti t.d. sjálfir stofnað varðveislustaði, en eftirlit og gæðastjórnun er mikilvæg) 3. Sameinast um söfnun á landsvísi, stórkostlegt tækifæri 4. Rannsóknir á landsvísi, nýta rannsóknir annarra á sarpur.is til miðlunar 5. Miðlun til almennings (kalla eftir nýrri þekkingu) 6. Því meira sem við getum gert til að láta Sarp vaxa og dafna 7. Allt á sama stað og veita þannig heildaryfirsýn 8. Betri varðveisla og betri yfirsýn t.d. yfir gripi sem þarfnast hreinsunar 9. Samstarf (möguleikar sem við sjáum ekki endilega fyrir í dag) 10. Margvíslegri söfnun	1. Tæknibrestir 2. Ef söfn nota hliðarkerfi (ekki bara fyrir skráningu heldur líka umsýslu. 3. Upplýsingar geta týnst (t.d. að geta ekki vistað fyrri varðveislustaði) 4. Allur breytingaferill kerfisins þarf að vera skráður

Forvörslusniðið: Aukin leitarbærni og einfölduð notkun innan markvissara og staðlaðs kerfis er það sem helst þarf að horfa til. Ef hægt er að sameina það með varðveisluvistun ljósmynda og annarra fylgiskjala þá er margt unnið í að tryggja örugga vistun og aðgang að forvörsluupplýsingum um gripina sem skráðir eru í kerfið. Einfalda þarf allt ferli í Sarpi þannig að hann nýtist þeim sem koma nýir inn og þeim sem hafa unnið við hann lengi. Það þarf að tengja hann við þá þróun sem á sér stað í almennum tölvukerfum sem fólk er vant að nota. Lykilatriði við skráningu forvörslu er að einfalda og opna fyrir nýtingu á ástandsskráningu gripa hjá starfsfólki safna í daglegu starfi þeirra.

Best væri að forvörslusniðið væri einfaldað og aðlagð að hverri aðfangategund þegar unnið er í því, þ.e.a.s. að eitt snið sé fyrir allar tegundir en að ákveðnir reitir séu sýndir fyrir t.d. málverk sem ekki eru sýndir við tækniminjar.

Eftirfarandi atriði eiga við um forvörsluþáttinn:

Ástandsskýrsla – Þessar skýrslur ætti að fylla út áður en gripir fara í útlán eða þegar unnin er áætlun um forvörslu. Starfsmenn safna sem hafa reynslu af því að meta ástand ættu að geta nýtt sér þetta snið til að greina frá ástandi gripa á nákvæman hátt. Það væri t.d. hægt að gera með því að nota flettilista/orðalista sem hægt er að velja úr. Sem dæmi um orð á slíkum lista væri: Brotinn, ryðgaður, skítugur, mygla, laus málning o.s.frv. Með þessu væri fólk öruggara við skráninguna og lýsingin „þarfnast forvörslu“ fengi aukið gildi þegar raunverulegt ástand væri skráð, auk þess sem leitarbærni væri aukin.

Forvörsluskýrsla – Þessar skýrslur eru unnar þegar forvarsla fer fram og á að lýsa því hvað gert var við gripinn og af hvaða tilefni. Auk þess getur fylgt ráðgjöf um uppsetningu og meðhöndlun, eða einfaldlega hvort gripurinn er sýningarhæfur. Þessar skýrslur ættu allir notendur að geta skoðað en eingöngu forverðir ættu að geta að fyllt þær út og mögulega þarf að aðgangsstýra því. Möguleiki á að hlaða upp rafrænu skjali með forvörsluskýrslu sem unnin hefur verið í öðru forriti.

Myndir – Æskilegt væri að gæði mynda væru í fullri upplausn og að hægt verði að skoða mjög nákvæmt í kerfinu. Nýtt kerfi á því að geta vistað myndir í góðum gæðum og allar tegundir stafrænna gagna. Myndainnflutningur: forvörslu- og ástandsskýrslum fylgir oft fjöldi mynda og það þarf að vera einfalt að tengja fjölda mynda við í einu. Þá væri gagnlegt að hafa sitt hvorn myndaflipann til að aðgreina myndir fyrir og eftir forvörslu. Auk venjulegra ljósmynda nota forverðir einnig myndir sem fanga röntgen-, infrarauðar- og útfjólubláar ljósbylgjur sem mætti flokka sem fylgiskjöl. Þar mætti líka bæta við gröfum úr t.d. XRF mælingu. Til framtíðar mætti síðan huga að þrívíddarmyndum og hvernig þær væri hægt að vista í kerfinu.

Heimildir – Það væri mjög gagnlegt að geta hengt rafræn skjöl með heimildum við forvörsluskýrslurnar. Það getur verið erfitt að finna aftur heimildir sem notaðar eru við forvörslu gripa og þetta væri leið til að auka aðgengi að þeim. Þá er spurning hvort hægt sé að safna slíkum heimildum sérstaklega og tengja við forvörslusnið þeirra gripa þar sem þær eiga við.

Leitarbærni, almenn notkun og þjálfun – Með notkun staðlaðra orðalista við skráningu ástands gripa og forvörsluaðferða væri leitarbærni stóraukin. Efnisorð í orðalistum þyrftu einnig að hafa erlend samheiti. Það þyrfti að bæta möguleikann á því að draga út ástandsskýrslur og forvörsluskýrslur á pdf formi. Einnig sá möguleiki að hafa format skýrslurnar á ensku, styrkja þarf aðgang að varðveislustaðsetningum til að auka yfirsýn og leitarbærni.

SVÓT-greining um forvörslu

INNRI ÞÆTTIR	
Styrkleikar (horft innávið) (+)	Veikleikar (horft innávið) (-)
1. Staðlað form á skráningu. 2. Vistun í miðlægum gagnagrunni. 3. Aðgengi notenda innan og utan stofnana.	1. Ekki nógu góð yfirsýn 2. Ruglingslegt form. Órökrétt röðun reita og flipa. 3. Flókinn innsláttur. Fælir notendur frá. 4. Er ekki varðveislugrunnur. Myndir þarf að vista á öðrum stað. 5. Vantar uppá leitarbærni.
YTRI ÞÆTTIR	
Tækifæri (horft út) (+)	Ógnanir (horft út) (-)
1. Meiri leitarbærni. 2. Betra og straumlínulagaðra viðmót, aukin og markvissari notkun. 3. Varðveislugrunnur í framtíð skilar öruggari varðveislunni á myndum. 4. Meiri samnýting heimilda sparar vinnu, eykur samvinnu og skilar betra verki. 5. Vistun fjölbreyttari gagna. 6. Meiri sjálfvirkni í úttekt rafrænna skjala skilar minni tvíverknaði. 7. Meiri og markvissari notkun skilar sér í betra aðgengi allra safnmanna að upplýsingum um gripi.	1. Fráhrindandi fyrir notendur. 2. Notendur forðast að nota þessi töl.

4.3 Umsýsla

Skráningar í gagnagrunni er eitt mikilvægasta vinnutæki safnamanna. Kerfið þarf að styðja við og styrkja almenna verkferla, vera notendavænt, sveigjanlegt, nútímalegt og aðgengilegt öllu starfsfólki safna. Með umsýsluverkfærum í Sarpi 3 eru gefnir möguleikar á að vinna með gögn á ýmsan máta meðal annars undir yfirskriftunum: Möppur, Pantanir, Útlán, Sýningar og Heimildaskrá. Brýnt er að þau umsýsluverkfæri sem Sarpur 3 býður upp á og hafa gagnast vel, verði uppfærð og endurbætt í nýju kerfi þar sem öll umsýsla með gögn inni í kerfinu sjálfu efla Sarp sem vinnutæki. Lykilatriði við umsýslu í nýju kerfi er að það sé vinnutæki allra safnmanna þannig að allir starfsmenn safna, verktakar og fræðimenn, geti nýtt kerfið til margvíslegra starfa, flett upp í því, sótt þar upplýsingar og fróðleik og svarað spurningum gesta. Brýnt er einnig að nýja kerfið nýtist varðandi rannsóknir á safnkosti, bæði innan safns og milli safna og þar eru umsýsluverkfærin í lykilhlutverki. Ytri vefur Sarps er í dag tengiliður við almenning gegnum sýningar, pantanir og athugasemdakerfið (Veistu meira?). Alla þessa þætti má bæta til að gera aðkomu almennings og tengsl virkari. Einnig er mikilvægt að tengja möppur og sýningar betur við aðalspjaldið þannig að t.d. það sjáist í hvaða möppum ákveðin aðföng eru. Til að efla vinnutækið enn betur væri hægt að tengja dagatal við Sarp 4 þannig að t.d. útlánadagsetningar færist sjálfkrafa inn í dagatalið. Einnig mætti hugsa sér að tengja við verklista (to-do) þannig að starfsmaður geti sett aðföng á verklistann sem þá er tengdur við dagatal.

Brýnt er að vinnutækið Sarpur geti áfram haldið utan um sem flesta þætti safnastarfs sem tengjast umsýslu safnkosts. Umsýsluþáttur kerfisins þarf að:

1. Tryggja betri yfirsýn yfir ákveðin verkefni eins og útlán og sýningar en einnig að nýtast sem lykiltæki við rannsóknir og greiningu á safnkosti.
2. Ýta undir samstarf safna og starfsfólki þess. Í nútíma safnastarfi er iðulega unnið í teymum og því er brýnt að kerfið nýtist sem hópvinnumakerfi. Nýtt kerfi þarf að vera notendavænna og þægilegra sem vinnutæki.
3. Tengja kerfið betur við dagatal og lokadagsetningar á til dæmis útlánum.
4. Skýrslur og skýrslugerð væri æskilegt að geta unnið beint í kerfinu. Sarpur þyrfti einnig að geta talað við kortavefsja Minjastofnunar. Þá væri gott að geta notað kerfið í áætlanagerð, dregið út tölfræði, en slíkt er örðugt í núverandi kerfi. Sama á við um leyfisrannsóknir varðandi fornleifar. Það væri hagur allra að geta keyrt út upplýsingar beint úr Sarpi.
5. Brýnt að kerfið sé þjálft varðandi rannsóknir á safnkosti, bæði innan safns og milli safna. Þar gegna umsýsluþættir eins og möppur, útlán og sýningar mikilvægu hlutverki.

Veistu meira - Ábendingar frá „veistu meira?“ þarf að halda utan um inni í kerfinu.

Pantanir - Í nýju kerfi væri hentugast að með hverri pöntun yrði til mappa sem væri hægt að draga eina eða fleiri myndir í, eða flytja á annan einfaldan hátt og vinna þannig margar myndir í einu. Æskilegt væri að þar kæmu sjálfkrafa inn upplýsingar frá pöntunaraðila, nafn, kennitala, heimilisfang, o.fl. Pöntun væri ekki gild, kæmist ekki inn í kerfið nema pöntunaraðili fyllti út allar nauðsynlegar upplýsingar.

Útlán - Útlitið þarf að bæta og enn betra væri að hafa eyðublaðsformið opinn grunn, þar sem hægt væri að flytja inn upplýsingar sem hægt væri að aðlaga að mismunandi söfnum og viðfangsefnum hverju sinni.

Sýningar- Æskilegt ef hægt væri að setja inn gripi sem ekki eru skráðir í Sarp, eru lánsgripir frá einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum. Hægt er að setja inn skjöl og hefur sú leið verið notuð á Borgarsögusafni að setja inn bæði samninga, formlega og óformlega, um lán til safnsins, sem skjal/skjöl.

Möppur- Brýnt að halda þessari aðgerð inni í nýju kerfi og bæta. Sérstaklega má bæta útprentunar- og útsendingarmöguleika. Möppur eru notaðar á ýmsan hátt, til dæmis til að halda utan um samskonar aðföng sem verið er að skoða í tengslum við rannsókn og/eða sýningu. Möppur eru einnig notaðar til að flokka safnheildir og greina og bæta yfirsýn. Í nýju kerfi væri æskilegt að hægt væri að draga skráningar yfir í möppur. Þannig þyrfti að einfalda skráningar og auka gagnsæi, þá yrði bæði vinna við skráningu og umsýslu auðveldari, minni handavinna og færri músasmellir.

Rannsóknir og Heimildir- Mikilvægt er að efla rannsóknir og heimildaverkfærið í Sarpi sem geta orðið til þess að gera Sarp að enn betra tóli hvort sem um er að ræða innri- eða ytri-vefinn.

Rekjanleiki gagna og umsýslu- Mikilvægt er að hægt sé að rekja vinnuþætti í Sarpi, sjá hvað gert hefur verið og hver hafi þar komið að, en mikilvægt er að hægt sé að festa niður sögu ákveðinna breytinga. Þá er einnig mikilvægt að hægt sé að ná í varðveislusögu hvers grips með einföldum hætti. Þetta er sérstaklega brýnt t.d. þegar gripur finnst ekki og skráning hefur ruglast.

Leit og röðun safngripa við umsýslu eru mikilvæg til að efla yfirsýn yfir safnheildina og er mikilvægt að þróa áfram möguleika á þessu sviði í takti við það sem almennt gerist. Gæti verið gott að geta kallað fram alla gripi á ákveðum varðveislustað sem eru án mynda. Það flýtir mjög fyrir t.d. þegar áttak er í myndatöku ákveðinna gripa. Getur einnig nýst þegar unnið er með verktaka utan safnsins.

Tengimöguleikar Sarps: Mikilvægt er að skoða tengingar við önnur kerfi, Sarpur 3 er til dæmis með tengingu við Þjóðskrá sem hefur heppnast mjög vel. Til dæmis væri æskilegt að tengjast við Minjastofnun og jafnvel Gegni og létta þannig á kerfinu. Einnig væri áhugavert að skoða að tengja ákveðna umsýslu við undirkerfi, t.d. varðveislu ljósmynda (í fullri stærð) sem yrði þá geymd í öðru kerfi, t.d. Fotostation, sem mörg söfn nota, þar er líka hægt að geyma vídeóklippur og hljóðfæla.

SVÖT-greining kjarna- og rýnihóps 3 um umsýslu

INNRI ÞÆTTIR	
Styrkleikar (horft innávið) (+)	Veikleikar (horft innávið) (-)
- Nýta kerfið sem vinnutæki umfram skráningu. Ekki bara gagnavistun heldur líka vinnutæki. - Yfirsýn, hvað er til hjá öðrum. - Vinna saman, gera sýningar saman - Samstarf, bæði í möppum og sýningum. - Sameign safna. Margir að vinna á landsvisu með sama kerfi. - Tengsl við almenning. - Öll skjöl hvað varða sýningar. - Öryggi ólíkra gagna. - Verkfæni og verkfæri allra safnmanna. - Fjölþættir möguleikar kerfisins til að halda utan um umsýslu safngripa og ferðir þeirra af skráðum varðveislustað yfir á sýningar eða til útláns. Kerfið heldur utan um allar ferðir safngripanna	- Ekki nógu sveigjanlegt. - Mörg klikk til að ná fram það sem maður vil, (listar, tölur, upplýsingar). - Kerfið er komið á tíma. - Úttektarmöguleikar: samningar, listar, myndir, umsýsla sem er þægilegri í öðrum kerfum.

YTRI ÞÆTTIR	
Tækifæri (horft út) (+)	Ógnanir (horft út) (-)
- Hægt að horfa fram á við. - Breyta neikvæðni í jákvæðni. - Möguleiki að taka þátt hafa áhrif. - Virkni safnamanna. - Meiri sjálfvirkni í þöntunum. - Meira samtal við almenningi (veistu meira). - Ótal tækifæri myndast með nýju kerfi. - Nýta umræðuna; jákvæð umræða um Sarp eins og hann er í dag. - Margir úr öllum áttum eru nú að skoða kosti og galla (kerfið er stærra og betra en við gerðum okkur grein fyrir). - Þegar kerfið verður nútímalegra og flint verður það tækifæri að fullnýta kerfið. - Sarpur verður meira virði fyrir söfnin. Að réttlæta peningana sem fer í kerfið, nauðsynlegt vinnutæki.	- Peningaleysi. - Fólk vill ekki nota kerfið. Skiptir máli að halda þróun áfram. - Fjárvana söfn og of fátt fagfólk, of litill þjálfun, of litill tími. - Vanhugsuð aðgangsstýring: starfsmenn fá of mikinn aðgang að upplýsingum um safnkost sem á ekki við þeirra starfssvið. - Hæg gagnayfirfærsla. - Vandamál ef vinnan glatast og við höfum ekki aðgang að gögnum vegna erfiðleika hjá vistunaraðilum eða seljendum kerfis. - Pólitik, breytingar á regluverki.

4.4 Sveigjanleiki og aðgengileiki gagna

Í Sarpi er lyklatríði að öll gögn séu aðgengileg og að kerfið bjóði upp á sveigjanleika til þess að þjóna þörfum allra, óháð tegund safna þar sem safnkostur er fjölbreyttur og þarfirnar þar með sömuleiðis. Gagnlegt væri ef safnafólk gæti stutt við hvort annað og öðlast innsýn í hvernig hvert og eitt safn er að nýta mismunandi eiginlega kerfisins og geta þannig tekið upp breiðari notkun og lært hvert af öðru. Það er ákveðið öryggi falið í því að vera hluti af stærri heild, og slíkt gæti jafnframt auðveldað rekstur kerfisins til frambúðar.

Stöðluð nálgun við skráningu skiptir máli, til þess að samræma vinnubrögð safna og samræma kröfurnar sem kerfið setur notendum sínum. Rætt var um efnisorðalykillinn Outline, sem miðar að því að staðla efnisorðaskráningu og auðvelda tengingu milli gripa og aðfanga. Æskilegt væri að auðvelda notkun slíkra kerfa. Sameiginlegur efnisorðalisti allra safna er eitt lykilverkefna varðandi aðgengi og sveigjanleika. Gerð slíks lista getur þó verið mjög flókið verkefni og viðamikil. Mikilvægt er að tengja saman samheiti o.s.frv., en bent var á að safnafólk vinni með marga og fjölbreytta gripi og er ekki hægt að gera kröfu á að starfsfólk hafi sérþekkingu á öllum sviðum. Þar af leiðandi tengja skrásetjarar kannski ekki alltaf við réttu orðin og hugtök.

Hvað sveigjanleika kerfisins varðar þarf að skerpa á skilgreiningum, kröfum og nákvæmni. Kerfið þarf að þjóna notandanum og miða að þörfum hans án þess að hafa áhrif á gæði skráningar – en ekki gera kröfu um að notandinn aðlagist kerfinu eins og núverandi staða er. Það er mjög brýnt að hægt verði að nýta Sarp sem öflugt vinnutæki, til dæmis við umsýsla með safnkost; að hægt verði að draga saman og taka út flokka safngripa, allt eftir þörfum hvers og eins. Þjóða þarf upp á aukna möguleika á framsetningu, skýrslugerð og umsýslu.

Aðalatriði í nýju kerfi sem myndu auka sveigjanleika og aðgengileika gagna:

- **Minni og aðlögunarmöguleikar:** Kerfið muni hvað hver notandi valdi síðast og haldi þeim stillingum milli inn- og útskráninga. Notendur hafi sjálfstætt val um hvaða dálkar og reitir verði í forgrunni. Boðið verði upp á að prenta út lista samkvæmt því sem búið er að velja.
- **Möppur:** Mikilvægt að hægt verði að tengja aðföng beint í möppu við skráningu – en ekki eins og nú er, að fyrst þurfi að skrá færsluna, síðan leita að henni í munaskrá og tengja þaðan í möppu.
- **Listar og úttektarmöguleikar:** Gefið verði aukið frelsi um hvaða upplýsingareitir fari á lista og til úttektar úr kerfinu, allt eftir þörfum hvers og eins að hverju sinni. Nauðsynlegt er að notendur geti flutt upplýsingarnar sem eru á Sarpi yfir á t.d. Word. Pdf, Excel til útprintunar og vinnslu. Nauðsynlegt að geta valið hvaða reiti notandi vill vinna með og draga út, líkt og með listana. Að auki væri æskilegt að hægt væri að prenta einstaka færslur.
- **Myndir:** Bæta þarf aðgengi að einfaldri myndvinnslu og umsýslu með ljósmyndir í kerfinu. Eins og til dæmis að snúa myndum, laga birtustig og annað slíkt. Það yrði til mikilla bóta

að bæta slíkum eiginleikum við og myndi það bæta verulega við sveigjanleika kerfisins, auk þess sem það myndi hjálpa smærri söfnum sem ekki hafa aðgang að myndvinnsluforritum. Það mundi flýta fyrir allri skráningarvinnu ef hægt væri að hengja myndir og flytja inn með „drag and drop“.

Sveigjanleiki: Stóra vandamálið við sveigjanleika kerfisins er í raun ekki virkni heldur viðmótið og aðgengileikinn; rætt var um svokallaða Google-væðingu, þ.e.a.s.:

- að geta lagað það að sínum eigin þörfum.
- notað lyklaborðið meira en músina.
- að fullnýta skjáinn.
- að notendum verði gert kleift að fela valkvæða reiti sem þeir þurfa ekki að nota.
- að notendum verði auðveldað að breyta fyrri skráningum.
- að breyta flokkun á aðfangategundum, t.d. á listaverkum og skjölum sem hafa verið skráð sem munir,
- að hægt sé að vinna með myndir og upplýsingar um þær inni í Sarpi.
- að ákveðnar upplýsingar um aðföng verði þýddar á ensku og þær birtar á ytri vef Sarps.
- þá er einnig mikilvægt að stafsetningarforrit verði innbyggt í Sarp. Þannig er m.a. hægt að tryggja að leitarbærni verði skilvirkari.

Aukið aðgengi: Til mikilla bóta yrði að innleiða kerfið betur sem vinnutæki og bjóða starfsmönnum sem ekki fást við skráningu upp á lesaögang. Bæði til að auka aðgengi að upplýsingum vegna ýmissa verkefna sem og til þess að auðvelda svör við spurningum frá safngestum. Varðandi rannsóknir og aðgengileika fræðimanna á innri vef Sarps er talið æskilegt að finna leið til að veita fræðimönnum aðgang að innri grunninum í gegnum skýra aðgangsstýringu. Bæði söfnum og fræðimönnum myndi gangast slíkur aðgangur og gæti það sem dæmi verið skilyrði fyrir aðgengi að veita söfnunum aðgengi að nýrri þekkingu sem skapast við slíkar rannsóknir.

Tölfræði: Kjörið væri að geta valið ákveðið svæði innan Sarps þar sem hægt væri að velja þær tölfræðilegu upplýsingar sem hægt er að nálgast. Til dæmis eftirfarandi:

- Hvað eru mörg safnnúmer í safninu og hve mikill er fjöldi skráðra safngripa
- Hve stór hluti af safninu er í varðveisluhúsi, á sýningu, í forvörslu, í útláni
- Hversu rúmfrekt er safnið - stærðir og þyngd
- Hversu mörg safnnúmer eru með mynd eða ekki með mynd
- Hvað eru margir safngripir sem þarfnast forvörslu
- Hvað eru margir safngripir sem hafa fengið forvörslu
- Hvað eru margir gefendur, skipting milli kynja, ásamt aldurs gefenda
- Yfirlit yfir úr hvaða efnum safngripir eru, hvaða sögu eða stefnu þeir tengjast, frá hvaða tímaskeiðum
- Yfirlit yfir hversu viðkvæmt safnið er, hversu stór hluti þess þarf sérhæfða umsýslu

- Hve margir safngripir eru ekki fullskráðir.
- Hve margir safngripir eru forskráðir, grunnskráðir, o.fl.
- Ársskýrsla safna. Dæmi: Fjöldi nýskráninga, endurröðun í geymslum, skráningu lokið, hve stór hluti safnkosts er í vefbirtingu, á hve stóran hluta vantar myndir við færslur o.s.fv.

SVÓT-greining kjarnahóps- Sveigjanleiki og aðgengileiki gagna

INNRI ÞÆTTIR	
Styrkleikar (horft innávið) (+)	Veikleikar (horft innávið) (-)
1. Möguleiki til uppröðunar; að raða í stafrófsröð, geta raðað eftir varðveislustað o.s.frv. 2. Raða og sigta og afmarka safnkostinn. 3. Gott að hafa kostinn á því að nota Fjölva til að breyta færslum - mætti vinna meira með.	1. Notendur vilja yfirleitt velja þau atriði sem er ekki hægt að velja – kerfið setur of miklar skorður. 2. Kerfið þjónar ekki notendum, oft þarf að fara langar leiðir að einföldum hlutum, og notendur þurfa að aðlaga sig að kerfinu. 3. Að þurfa sífellt að endurvelja þau skilyrði sem viðkomandi notandi hefur breytt í viðmóti sínu, í hvert sinn sem innskráning fer fram.

YTRI ÞÆTTIR	
Tækifæri (horft út) (+)	Ógnanir (horft út) (-)
1. Alltaf hægt að gera betur. 2. Aukin skilvirkni með nýju kerfi. 3. Nýtt kerfi getur aukið mjög yfirsýn yfir safnkost safna í landinu og aukið möguleika til rannsókna, á sama tíma og það getur hvatt til samstarfs og orðið vettvangur til samanburðar og samstarfs. 4. Nýtt kerfi býður upp á viðtækan samvinnugrundvöll (til dæmis fyrir háskólanema og aðra rannsakendur). 5. Kynna Sarp og möguleika hans betur (auka tengsl og minna oftár á). 6. Nýta vef safnaráðs til að miðla upplýsingum um skráningu, verklagsreglur og kröfur Sarps.	1. Of fáir sérfræðingar á sviði skráningar. 2. Mikilvæg þekking hverfur með reynslumiklu starfsfólki sem lætur af störfum.

5. Ytra starf

Þegar ytri vefur Sarps var settur í loftið, varð ákveðin bylting í aðgengi almennings að upplýsingum um menningararf þjóðarinnar því vefurinn opnaði safnkost íslenskra safna. Augljóst er að umhverfið, væntingar og kröfur til vefsíða eins og sarpur.is hafa breyst gríðarlega síðan vefurinn leit dagsins ljós 2013. Mikilvægt er að sarpur.is fylgi kröfum samtímans og að reynt verði að koma til móts við þær þannig að vefurinn nýtist sem flestum. Tímabært er að skoða vel þennan hluta kerfisins.

Styrkur Sarps felst í að tengja saman og nýta efni frá mörgum mismunandi söfnum auk þess að gefa heildarmynd yfir safnkost aðildarsafna hans. Þess vegna þarf að skýra hvernig er ætlast til að fólk noti vefinn sarpur.is. Aðalmarkmið vinnuhóps um ytra starf var að ræða opinskátt um sarpur.is, hvernig hægt væri að efla mögulegar miðlunarleiðir og hvernig megi auka notagildi vefsins. Um eftirfarandi atriði var samhljómur:

Atriði nr.	Þarfir	Lýsing	Vægi
1	Nýting og viðmót vefsins	Hugsa þarf um nýtingu forsíðu Sarps og hvernig útlit vefsins eigi að vera. Ímynd vefsins er mikilvæg þar sem það er fyrsta upplifun notandans.	5
2	Aukinn notendavænleiki og sjónrænni framsetning	Mikilvægt er að gera vefinn notendavænni með skýrari framsetningu og bæta gæði ljósmynda. Um leið og það hefur verið gert, verður vefurinn meira aðlaðandi fyrir almenning, nemendur og aðra áhugamenn eins og utanaðkomandi sýningarstjóra svo dæmi sé nefnt.	5
3	Bæta leitarvélina	Betrumbæta þarf leitarvélina á sarpur.is og væri æskilegt að fá öflugri leitarvél en nú er sem skilar ítarlegri og tæmandi niðurstöðum.	5
4	Efla og auka sýningarviðmót vefsins	Sýningarþáttur vefsins er sá vettvangur sem gerir söfnunum kleyft að setja gripi í samhengi, vinna að samstarfsverkefnum milli safna og miðla til almennings. Æskilegt að efla sjónrænu framsetningu sýningar og sveigjanleika við sýningargerð eins og forgangsroðun gripa, og tengja ítarupplýsingar sem einungis tengist tiltekinni sýningu. Aðgreina þarf líka sýningar í auknu mæli þar sem söfnin búa til mismunandi sýningar með mismunandi nálgun og tilgangi.	4-5
5	Möguleiki til innskráningar undir Mínar síður	Innskráningarmöguleikar myndu nýtast mörgum og auka nýtingu vefsins.	4
6	Vettvangur fyrir safnfræðslufólk og kennara til að deila ritskoðuðu og samþykktu kennslufni	sett fram kennslu- og fræðslufni sem tengjast ákveðinni sýningu eða verkefni sem kennarar gætu nýtt og stuðst við í kennslu. Einnig gætu kennarar sem hafa unnið námsefni í tengslum við Sarp nýtt síðuna til að deila efni eftir að það hefur verið yfirfarið og samþykkt af Sarpi.	4
6.1	Sarpur.is fyrir börn	Æskilegt væri að hafa séstakt viðmót fyrir börn þar sem söfn gætu sett fram sýningar eða kynningar á gripum sem væru sérstaklega miðaðar við börn.	3

5.1 Rannsóknir, sýningargerð og kennsla

Rannsóknir: Æskilegt er að gera safnkost aðgengilegri fyrir rannsóknir. Aukin áhersla á myndvæðingu skráninga á undanförunum árum er stórt skref í rétta átt. Auðvelda þarf leit og aðgengi rannsakenda að ítarupplýsingum og er almennur áhugi hjá söfnunum að veita slíkan lesaðgang á innri vef Sarps.

Sýningar: Mikil tækifæri felast í að efla sýningarþáttinn á sarpur.is. Vefurinn er mikill að vöxtum og gögn sem sem unnið er með til miðlunar fjölbreytt sem býður upp á víðtækt samstarf á landsvísu. Stafrænn aðgengileiki og notkun nýrra miðlunarleiða er sjálfsagðari í dag en áður fyrr. Söfnin hafa nú tækifæri til að ná til breiðari markhópa. Af þessum sökum er vefurinn sarpur.is og umsýslan með skráningar í Sarpi afar mikilvæg. Efla þarf aðgengi og sýnileika vefsíðunnar til muna svo almenningur fái notið þeirrar þekkingar sem síðan inniheldur. Vefurinn, sarpur.is, verður að vera meira aðlaðandi svo að fólk noti hann. Ljósmyndir verða að vera í góðum gæðum. Hið sjónræna er sterkur hluti af upplifun fólks og skiptir öllu máli í dag og því þarf að taka mið af við hönnun á nýjan vef.

Æskilegt væri að:

- Sarpur sé með vefskil (e. API) möguleika.
- sýningarnar fái aukið vægi á vefnum.
- geta aðgreint tegundir sýninga, t.d. með litakóðun; minja-, lista-, ljósmyndasýningar o.s.frv. Einnig að hægt væri að gefa sýningum, sem búið að taka niður lengra líf, að það verði eftir heimild um þær á sarpur.is.
- raða verkum á sýningu í tímaröð eða eftir óskum sýningarstjóra, og ekki eins og í dag þar sem verkin raðast sjálfkrafa inn eftir skráningarnúmerum.
- geta deilt sýningum á milli heimasíðna safna og Sarps/sarpur.is til þess að koma í veg fyrir tvíverknað. Þar sem söfnin eiga og bera ábyrgð á sínum gögnum þarf að ákveða hvort myndir úr Sarpi sem birtast á heimasíðum safna eigi að vera merktar Sarp.
- hafa skýrar leiðbeiningar um framsetningu sýninga á sarpur.is sem unnar eru í samstarfi við RS og söfnin; sýningar á vefnum þurfa að halda athygli leikmanna og vera markvissar þannig að unnið sé með ákveðið mengi gripa eða listaverka.
- hafa innskráningu undir Mínar síður svo að hver notandi gæti verið með sinn eigin vettvang til að halda til haga áhugaverðum upplýsingum.

Kennsla: Í samræmi við kennsluhætti samtímans er æskilegt að efnið á sarpur.is sé aðgengilegt fyrir skapandi vinnu nemenda og stefnt að opnu aðgengi fyrir afnot af myndefni fyrir nemendur. Stefna ætti að opnu aðgengi fyrir afnot að myndum sem þeir gætu unnið með. Í dag hefur vefurinn verið settur upp þannig að notendur geta ekki sótt ljósmyndir og unnið með þær. Það er mikilvægt að velta þessu fyrir sér, af hverju er verið að reyna að takmarka aðgengið? Auka þarf samstarf við grunnskólakennara, mögulega væri hægt að tengjast valnámskrá. Söfnin gætu boðið upp á efni og kennarar nýtt sér það.

Atriði sem þarf sérstaklega að skoða:

- Höfundaréttarmál, sem eru oft erfið. Æskilegt væri að stór hluti myndefnis yrði aðgengilegri fyrir kennslu.
- Upplýsingar sem nýtast ekki grunnskólanemendum. Skrifleg lýsing er illsjáanleg þar sem hún birtist neðarlega og er lýsingin líklega það sem margir hafa áhuga á að skoða. Það er því lykilatriði að hugsa um framsetningu upplýsinga og forgangsraða rétt þeim upplýsingum sem birtast
- Væri e.t.v. lausn að nota mismunandi viðmót eftir því hvort notandi er almennur notandi, nemandi eða safnamaður? Hugmyndin er ekki að hafa alla safneignina aðgengilega heldur einungis það efni sem búið er að aðlaga fyrir nemendur, svo dæmi sé nefnt.
- Tenging inn í menningarsöguna, listasöguna.
- Uppfæra þarf útlit vefsins í takt við umheiminn eins og t.d. uppsetningu og litaval.

- Auðvelda þarf kennurum að vinna með gripi á eigin svæði á sarpur.is sérstaklega miðað að kennslu. Slík svæði gætu innihaldið fræðsluhlekki, sýnt hvernig hægt væri að tengja námsefni og fyrir kennara að undirbúa sig. Kennarar gætu svo gert sitt efni aðgengilegt öðrum kennurum svo hægt væri að endurnýta gott efni.
- Hraði skiptir máli- ef hlekkur brotnar um leið og það kemur hiksti í leitinni, þá missir fólk/nemendur traust og hætta að hafa áhuga.

Fræðsluhlekkir til undirbúnings fyrir kennara myndu gagnast við að tengja safngripi/sýningar við námsefni. Þannig mætti auðvelda kennurum að vinna með gripi frá eigin landssvæðum sem myndu auk þess hjálpa nemendum við að tengjast menningararfi og söfnum í sínu nærumhverfi. Stafræn fræðsla væri mikil fengur í því samhengi. Út frá sjónarhorni skóla væri frábært að gera sarpur.is aðgengilegan sem efnivið fyrir nemendur til að nota í skapandi vinnu. Einstaklingsmiðað nám og sköpun í kennslu er framtíðin. Tengingar við Menntamálastofnun voru nefndar. Þar er mikið af námsefni sem kennarar þekkja. Styðja þarf við framsetningu efnis fyrir fræðslu barna sem og fullorðinna með skýrri framsetningu skráninga, tenginga á milli ólíkra skráninga og möguleikum á að taka saman þær skráningar sem áhugi er fyrir.

5.2 Útlit og notendavænleiki: Miðlun til almennings og umsýsla

Mikilvægur þáttur við skoðun á kostum miðlunar og notendavænleika á ytri vef Sarps var að eiga samtál við leikmenn sem nota vefinn. Samhljómur ríkir um að sarpur.is eigi að vera fyrir almenning: Sarpur.is á að vera vettvangur safna fyrir almenning og því hugsaður út frá þörfum hins almenna notanda. Upplifun rýnihóps er að vefurinn sé í dag aðallega miðaður að safnafólki en ekki almennum notendum og því var lögð áhersla á að hafa samband við fasta notendur sarpur.is í gegnum tölvupóst til að kanna upplifun þeirra á vefnum. Niðurstöður þessarar könnunar voru eftirfarandi:

Lykilatriði:

- Einfaldari vefur með myndrænni framsetningu
- Ritstjórnastefna varðandi framsetningu ljósmynda þarf að vera skýr (ábótavant í dag og er ekki nógu gott).
- Tenglar í önnur verk; tillögur myndu birtast af öðrum verkum eftir sama listamann, eða aðrar skráningar með sama efnisorð. Ef það væri á færslum þannig að hægt væri að smella á listamann; farið inn skráningu myndi maður fá fram tillögur á slíkum verkum skráð í Sarp í öllum aðfangategundum. Sama ætti að gilda um efnisorð í niðurstöðulistum.
- Markhópur á sarpur.is er afar fjölbreyttur og vefurinn á að rúma alla; Fyrir þá forvitnu þarf vefurinn að vera sjónræn upplifun en fyrir þá sem eru að leita að upplýsingum þarf hann að vera skýr og notendavænn og leggja þarf sérstaka áherslu á einfalda, öfluga og aðgengilega leit.

- Mikilvægi forsíðunnar sem fyrstu upplifun notandans af vefnum og þar skiptir því máli að réttu atriðin komi þar fram (er í dag of takmörkuð; hægt væri að nýta enn betur).
- Stílhreint og einfalt viðmót og þarf að huga vel að hönnun viðmóts hins nýja sarpur.is í snjallsíma eða spjaldtölvum
- Notendavænna viðmót; Fyrstu viðmót vefsins eigi að grundvallast á upplifun (e. experience-based).
- Fólk er er í auknum mæli meðvitað um framsetningu gagna í dag, hvernig viljum við að gripir séu skoðaðir og hvaða sögu viljum við miðla til fólks?

Þarfir nýs vefs með miðlun til almennings í huga:

Sarpur.is á að vera vefur fyrir alla: þarf að vera aðgengilegur fyrir fólk sem þekkir ekki vefinn og er að koma þangað í fyrsta sinn og er ekki að leita að neinu sérstöku. Fyrir þann hóp væri æskilegt að forsíða og síður í efstu lögum vefsins opnuðu vefinn á áhugaverðan hátt. Þó að það megi ekki gleymast að Sarpur er í grunninn skráningarkerfi þá væri æskilegt að draga úr því spjaldskrárviðmóti sem setur mark sitt á kerfið núna.

- Á sama tíma og æskilegt er að bæta aðgengi er mikilvægt að notkunarmöguleikar þeirra sem þekkja vefinn út og inn og nota hann mikið nú þegar, rýrni ekki þó viðmót verði gert einfaldara og aðlagð betur að þörfum almennings.
- Mikilvægt að huga að aðgengi mismunandi hópa, t.d. þeirra sem tala ekki íslensku og ólíkra aldurshópa. Skoða hvort hægt væri að hafa annað viðmót fyrir börn eða útbúa eitthvert afmarkað gripamengi sem væri sett á sameiginlega barnasíðu allra safna sem eiga aðild að Sarpi
- **Vefurinn þyrfti að leiða notandann áfram.** Það mætti til dæmis gera með því að setja inn tengla sem vísa á önnur verk eftir sama listamann, aðra gripi frá sama svæði, aðra gripi frá sama notanda/gefanda o.s.frv. Einnig mætti sjá fyrir sér eiginleikann „Notendur sem skoðuðu þennan grip skoðuðu líka...”
- Efla þarf eiginleikann „**Mitt safn**“ sem þegar er til staðar í Sarpi og koma því þannig fyrir að þar geti notendur safnað saman upplýsingum um gripi sem þeir hafa áhuga á og unnið með þá frekar. Lausn á þessu gæti verið að bjóða öllum notendum vefsins innskráningarmöguleika á sarpur.is. Slíkt virkni gæti líka nýst utanaðkomandi sýningarstjórum sem hafa ekki aðgang að innri vefnum, þeim sem eru að safna saman og velja myndir í bókaútgáfu og kennurum og nemendum sem eru að vinna með ákveðna gripi eða heimildir.
- Gera þarf hnappinum „**Veistu meira?**“ hærra undir höfði. Ljóst er að þörf fólks til að koma nánari upplýsingum á framfæri er rík og einnig vilja notendur eiga í „samtali“ við þá starfsmenn sem standa á bak við vefinn.

- **Skýrari tengingu á milli sarpur.is og samfélagsmiðla** með því að hafa hnapp við færslurnar sem auðvelda deilingu færslna á síður notandans á samfélagsmiðlum.
- **Efla sýningar:** Eins og áður hefur komið fram ættu sýningar að vera meira áberandi á forsiðu og söfnin ættu að geta leikið sér meira með það form. Til dæmis með því að raða gripum/verkum í þá röð sem þau vilja, sýna þau í mismunandi stærð o.s.frv. Jafnframt þyrfti að vera hægt að auka fjölbreytni í uppsetningu sýninga. Einnig ætti að vera hægt að setja inn annars konar efni með, t.d. ítarefni, myndbönd, krækjur, 3D myndir og 360° tök, viðtöl við listamenn o.s.frv.

5.3 Samstarf safna og annarra hagsmunaaðila

Almennur áhugi ríkir milli aðildarsafna Sarps um að nýta sarpur.is sem vettvang til samstarfs. Því er mikilvægt að huga að ofanefndum viðbótum svo vefurinn geti verið verkfæri fyrir slíkt samstarf. Æskilegt væri líka að nýr vefur yrði með skilgreinda API svo að auðveldara sé fyrir söfnin og aðra hagsmunaaðila að vinna með upplýsingar og þekkinguna sem vefurinn býr yfir.

6. Niðurstöður

Sarpur er eitt mikilvægasta vinnutæki safnmanna auk þess sem fjöldi fólks nýtir sér ytri vefinn, sarpur.is bæði í leik og starfi. Sarpur þarf því að vera öflugur upplýsingarbrunnur fyrir söfnin og auk þess að vera lifandi vettvangur miðlunar til almennings, fræðimanna og skólanema í gegnum vefinn sarpur.is.

Könnun á hlutverki Sarps og framtíðarþörfum skráningar- og umsýslukerfis í innra starfi safna leiðir í ljós að almennt ríkir mikil ánægja með virkni kerfisins. Mikilvægt er að Sarpur haldi áfram að þróast í takt við kröfur framtíðarinnar með gæði skráninga að leiðarljósi. Samhljómur er í umræðunum um að atriði eins og bætta leitarbærni, betri yfirsýn, aukna aðlögunarmöguleika auk þess sem skilvirkni skráninga þarf að vera í forgrunni í nýju kerfi. Áhugi er fyrir að Sarpur verði enn notendavænni þannig að hann geti nýst betur í fjölbreyttari notkun hjá aðildarsöfnunum. Umsýsluþáttur kerfisins gegnir einnig lykilhlutverki varðandi aukna samvinnu safna á sviði skráningar, söfnunar og miðlunar. Nýtt skráningarkerfi þarf að vera notendavænt með öflugra leitarvél og víðtæka virkni í safnastarfi á landsvísu.

Til að styrkja stöðu ytri vefsins sarpur.is til miðlunar og hámarka notagildi er mikilvægt að hafa mismunandi þarfir notanda í huga. Vefurinn þarf að vera einfaldur og aðgengilegur í notkun en um leið skilvirkur, skila því sem sem notendur leita að, hvort sem þeir fara inn á vefinn í fyrirfram ákveðnum tilgangi eða bara til að vafra um sér til dægrastyttingar. Vefurinn þarf því bæði að uppfylla kröfur kröfuharðra notenda sem vilja nákvæma og skilvirka leit og hinna sem sem vilja láta leiða sig áfram og uppgötva þannig eitthvað nýtt í hvert sinn sem þeir fara inn. Auðvelda þarf fólki að deila efni af Sarpi á samfélagsmiðum sem vekur athygli á honum og er til þess fallið að fjölga notendum. Æskilegt er að fólk geti safnað í sinn eigin sarp upplýsingum sem það vill geta

gengið að vísu síðar, þetta gæti til dæmis átt við kennara sem vill vinna með ákveðna gripi og listaverk eða almennan notanda sem vill safna saman á einn stað gripum og ljósmyndum sem tengjast ætt hans og uppruna.

Mikilvægt er að Sarpur geti vaxið og dafnað áfram bæði sem eitt mikilvægasta vinnutæki safna og gátt fyrir almenning og skólanema, verði lifandi uppspretta fyrir grúsk og rannsóknir jafnt á stórum sem smáum skala.